

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – ágúst 2025

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 3,4%

Skráð atvinnuleysi í ágúst var 3,4% og var óbreytt frá síðasta mánuði. Í ágúst 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,2%.

Að meðaltali voru 7.403 atvinnulausir í ágúst, 4.248 karlar og 3.156 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra fækkaði um 45 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í ágúst eða 5,4% og lækkaði úr 5,6% frá fyrri mánuði.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra og á Austurlandi eða 1,1%.

Alls komu inn 188 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í ágúst.


Atvinnulausir voru 7.602 í lok ágúst, 4.338 karlar og 3.264 konur.

Í ágúst 2025 gaf Vinnumálastofnun út 182 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 153 á höfuðborgarsvæðinu.

Í ágúst voru 260 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 7 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari hækkanði í september og verði 3,5%.

Þróun atvinnuleysis frá ágúst 2023 til ágúst 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi stóð í stað á landinu sem heild og litlar breytingar áttu sér stað á milli svæða. Atvinnuleysi hækkaði lítillega á Vestfjörðum þar sem það fór úr 1,6% í 1,9%. Atvinnuleysi lækkaði mest á Suðurnesjum þar sem það fór úr 5,6% í 5,4% Atvinnuleysi var 2,7% á landsbyggðinni í ágúst og 3,8% á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra og Austurlandi eða 1,1%.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júlí og ágúst.



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á landinu öllu í ágúst og á flestum svæðum. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,3% en atvinnuleysi kvenna 0,8%. Á Suðurlandi var því þó öfugt farið en þar mældist 2,9% atvinnuleysi meðal kvenna en 2,6% meðal karla.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í ágúst.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.602 í lok ágúst, 4.338 karlar og 3.264 konur. Fækkaði atvinnulausum körlum um 107 frá júlílokum en atvinnulausum konum fækkaði um 102.

Alls voru 1.902 atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 40 frá lokum júlí.


Alls höfðu 1.511 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok ágúst. Í ágúst 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.318 og nemur fjölgunin 193 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 2.003 í ágúst síðastliðnum en voru 1.913 í ágúst 2024.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði lítillega í öllum atvinnugreinum í ágúst. Mest var hún í opinberri þjónustu o.fl. þar sem atvinnulausum fækkaði um 37, í veitingarþjónustu þar sem fækkaði um 24 og í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð um 19. Þá fækkaði atvinnulausum um 16 í verslun og vöruflutningum.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.260 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok ágúst og fækkaði um 40 frá því í lok júlí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 56% í lok ágúst. Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 7,4% í ágúst samanborið við 2,0% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.709 sem er um 40% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok ágúst 2025



Atvinnuleyfi


Atvinnuleyfi

Í ágúst 2025 gaf Vinnumálastofnun út 182 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 153 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 93 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 89 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í ágúst, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipekkingar eða 61 leyfi. Þá voru gefin út 46 leyfi vegna námsmanna og 31 vegna fjölskyldusameininga. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í ágúst

voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 50%, 27% vegna þjónustustarfa og 12% vegna starfa verkafólks. Um 11% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í ágúst 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fá þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í ágúst voru gefin út 74 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 47 einstaklingar, 6 fóru til Lettlands, 5 til Litáen og 4 bæði til Noregs og Rúmeníu. Þá voru gefin út 8 vottorð til viðbótar til 6 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, ágúst 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 188 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í ágúst. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 131 starf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 59% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 14% á Suðurlandi og 10% á Suðurnesjum. Þá voru 17% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í ágúst 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í ágúst voru 260 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 7 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 152 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.